

Skipulags- og umhverfisnefnd, fundur nr. 30

Dags. 13.8.2007

Umhverfis- og skipulagsnefnd, fundur nr. 30

Fundur haldinn í Kjarna 13. ágúst 2007 kl. 11.00. Fundargerð skráð í tölvu.

Mætt eru Sigurður Skúlason, Þórunn Jónsdóttir, Helgi Hallsson og Ragnar Bjarnason. Freydís Arngrímsdóttir í forföllum Guðrúnar Tryggvadóttur. Sveitarstjóri ritaði fundargerð

Formaður setti fund.

1. Breyting á deiliskipulagi í landi Arnstapa.

Breytingartillagan var send til birtingar í Lögbirtingarblaðinu 25. maí (útgáfud. 29. maí) Auglýsingin birtist í Morgunblaðinu 31. maí og í Hlaupastelpunni 30 maí. Frestur til að gera athugasemdir rann út 10. júlí og bárust engar athugasemdir. *Nefndin mælist til að sveitarstjórn staðfesti deiliskipulagsbreytinguna óbreytta og auglýsi hana í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni athugun Skipulagsstofnunar.*

2. Fundargerð byggingar- og skipulagsnefndar S-Pingeyinga frá 4. júlí, 18.liður.

Á fundi sveitarstjórnar 4. júlí s.l. var samþykkt að hið tilgreinda landssvæði yrði tekið úr landbúnaðarnotum. Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið en bendir á að heppileg veltenging verði frá afleggjara að Kambsstöðum.

3. Aðalskipulagsgerð, endanlegur frágangur stefnu Pingeyjarsveitar.

Farið var yfir athugasemdir frá íbúafundi í Ljósvefningabúð í júní. Smávægilegar breytingar voru gerðar í kjölfarið. Nefndin vísar drögunum að stefnumótuninni til afgreiðslu sveitarstjórnar.

Fleira ekki gert
fundi slitið